

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundaráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

leiskolaleidin@reykjavik.is

Reykjavík, 29. október 2025

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um tillögur um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla - mál 25 í samráðsgátt Reykjavíkurborgar

Félagið Femínísk fjármál hefur rýnt tillögur að umbótum í náms- og starfsumhverfi leikskóla. Félagið tekur undir þau sjónarmið að brýnt sé að bæta aðbúnað og starfsaðstæður á leikskólum, en telur að betur fari á að slíkt sé gert án þess að dregið sé úr mikilvægri þjónustu við börn og fjölskyldur.

Reykjavíkurborg hefur innleitt kynjaða fjármálastjórn en í því felst m.a. að nota opinbert fé til að stuðla að jafnrétti og að rýna allar fjárhagslegar og stefnumótandi ákvarðanir frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Mikilvægt er að framkvæmd sé jafnréttisskimun á tillögunum áður en þær eru lagðar fram til umræðu og ákvarðanatöku. Félagið gagnrýnir að jafnréttisskimun fylgi ekki framlögðum tillögum.

Aðbúnaður starfsfólks leikskóla

Leikskólinn er hefðbundinn kvennavinnustaður, en meirihluti starfsfólks eru konur, launin ekki í samræmi við mikilvægi starfsins og álagið mikið. Femínísk fjármál hafa lengi talað fyrir því að ráðast þurfi í leiðréttingu á kerfisbundnu vanmati á kvennastörfum. Auk þess þarf að gera umbætur á starfsumhverfi leikskólanna, og styður félagið kröfur um betri starfsaðstæður og viðráðanlegra álag. Það er aðkallandi að bregðast við þessum vanda, en stærsti hópurinn með örorkulífeyri sem fer af vinnumarkaði eru konur yfir fimmtugt. Nýleg rannsókn á stöðu kvenna með örorkulífeyri, sem unnin var fyrir Tryggingastofnun, sýnir að konur á örorkulífeyri eru líklegri en aðrar konur til að hafa unnið við krefjandi líkamleg, félagsleg eða tilfinningaleg störf¹, sem eru oft einkennandi fyrir störf á leikskólum. Reykjavíkurborg og önnur stjórnvöld bera ábyrgð á að bregðast við þessum vanda.

Fjárfesta þarf í mönnun, húsnæði og aðbúnaði. Mikilvægt er að starfsumhverfi í leikskólum sé samkeppnishæft við grunnskóla um menntað starfsfólk, en eftir að eitt leyfisbréf sem gildir þvert á skólastig var tekið upp hefur sú þróun átt sér stað að leikskólakennarar hafi flutt sig yfir á grunnskólastigið og hafa helstu ástæður þess verið m.a. mikið álag í leikskólum, mannekla og skortur á

¹ <https://island.is/s/tryggingastofnun/frett/rannsokn-a-stoedu-kvenna-med-oerorkulifeyri>

undirbúningstímum². Unnt er að draga úr álagi og gera starfsaðstæður betri t.d. með því að endurskoða barnafjölda á hvern starfsmann og tryggja lágmarksviðmið um rými per barn og starfsfólk, en nýleg rannsókn leiddi í ljós að rými barna í leikskólum er víða of lítið³, sem hefur áhrif á vellíðan barna og starfsfólks. Einnig þarf að tryggja stuðning vegna aukins fjölbreytileika í barnahópnum. Með bættum starfsaðstæðum, betri hljóðvist, loftgæðum og húsnæði sem hentar starfseminni mætti að öllum líkindum einnig draga úr veikindum starfsfólks.

Hvatar til styttri vistunar og áhrif á foreldra

Tillögurnar fela í sér að dvalartími barna verði að hámarki 42,5 stundir á viku með hvötum til styttri vistunar, meðal annars með afslætti ef barn er ekki í leikskóla eftir kl. 14 á föstudögum. Slík breyting varpar ábyrgðinni af styttingu vinnuvikunnar á opinberum markaði frá leikskólakerfinu yfir á foreldra, í stað þess að leysa málið innan kerfisins sjálfs. Þetta getur leitt til þess að foreldrar, einkum mæður, þurfi að stytta sinn tíma í launaðri vinnu og taka á sig launaskerðingu.

Ekki er langt síðan Reykjavíkurborg ákvað að stytta opnunartíma leikskóla en jafnréttismat sem borgin framkvæmdi á þeim tíma leiddi í ljós að stytting opnunartíma myndi koma hvað verst niður á fólki með lítinn sveigjanleika í vinnu, lítið félagslegt bakland, fólki í láglaunastörfum og fólki af erlendum uppruna ásamt því að hafa neikvæð áhrif á kynjajafnrétti⁴. Þær niðurstöður ættu að vera varnaðarorð nú.

Í rannsókn Vörðu á Kópavogsmódelinu kemur fram að margir foreldrar lýsa mikilli tímapressu og streitu við að samræma vinnu og fjölskyldulíf, og breytingarnar hafi í raun aukið á það álag þar sem foreldrar sem búa við sveigjanleika í starfi þurfa engu að síður að skila sínu vinnuframlagi og er það þá gert á kvöldin eða um helgar í staðinn⁵.

Rannsókn Berglindar Hólm Ragnarsdóttur o.fl. sýna að lágtekjukurur eiga erfiðara með að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf en aðrar konur, og má það rekja til áhyggna og skuldbindinga tengdu heimili og fjölskyldulífi frekar en starfi. Þessa erfiðleika má hugsanlega rekja til þess að þær eru líklegri til að vera í ósveigjanlegum störfum, hafa lítið fjárhagslegt svigrúm til að greiða fyrir pössun og minna bakland og því litla hjálp að fá með börn. Heilsa þessarar lágtekjukvenna er mun verri en annarra kvenna, og má merkja klíniska streitu og kvíða hjá stórum hluta hópsins⁶. Líklegt er að lágtekjukurur muni eiga erfitt með að stytta vistun barna sinna í leikskólum án þess að skerða kjör sín, en þær eru mun líklegri en aðrar konur til að eiga erfitt með að ná endum saman og búa við efnislegan skort.⁷ Ljóst er að breytingarnar eru til

²https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Styrking%20leikskolastigsins_skyrsla%20starfshops_agust%202021.pdf

³<https://www.ki.is/media/1wcbaxpp/um-bo-rnin-i-veggjunum-lokaskil-til-rannso-knarsjo-os-ki.pdf>

⁴https://reykjavik.is/sites/default/files/209_1.1_umbaetur_og_skipulag_leikskolastarfs_skyrsla_.pdf

⁵https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_f36265faf5d84940afb99ccb41741c40.pdf

⁶https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_58246bd441c5463ab8fd52de91a48bce.pdf; Berglind Hólm Ragnarsdóttir, erindi við Háskóla Íslands 15. október 2025:

https://hi.is/vidburdir/ojofnudur/medal_kvenna_a_islenskum_vinumarkadi

⁷https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_58246bd441c5463ab8fd52de91a48bce.pdf; Berglind Hólm Ragnarsdóttir, erindi við Háskóla Íslands 15. október 2025:

https://hi.is/vidburdir/ojofnudur/medal_kvenna_a_islenskum_vinumarkadi

Þess fallnar að auka álag á þeirra herðum, og þar af leiðandi á heilsu þeirra með tilheyrandi kostnaði fyrir þær sjálfar og félagslega innviði samfélagsins.

Hvað með börnin?

Leikskólinn er öruggt, faglegt náms- og félagslegt umhverfi barna. Ef vistunartími er stytur án þess að vinnudagur foreldra styttest, missa börn dýrmætan tíma í uppbyggilegu umhverfi með jafningjum sínum. Engin trygging er fyrir því að fjárhagslegir hvatar til styttingar vistunartíma skili sér í meiri gæðatíma barna og foreldra. Foreldrar þurfa enda að sinna öllum sömu verkefnum og áður nema með börn með sér. Ef gert er ráð fyrir að ömmur og afar hlaupi undir bagga þá er vert að benda á að ekki eiga öll börn slíkt bakland, en auk þess má velta fyrir sér hvort að sá hópur hafi nægilega góða heilsu til að aðstoða með barnabörn sín, en ein af hverjum þremur konum á aldrinum 60-66 ára á Íslandi er á örorkulífeyri.⁸ Engar rannsóknir sýna að vistun yfir 40 stundir á viku hafi almennt neikvæð áhrif á börn. Þvert á móti getur lengri vistun tryggt jafnræði barna, þar sem öll hafa jafnt aðgengi að leik, námi og umönnun.

Gjaldskrárbreytingar

Tillögurnar fela í sér verulega hækkun á gjaldskrá þar sem grunngjald fyrir 38 stundir verður 16.000 kr., með viðbótargjaldi fyrir hverja hálfa klukkustund umfram það. Leggja á af núverandi afsláttarkerfi sem tryggði einstæðum foreldrum, námsmönnum og öryrkjum afsláttarkjör og taka upp tekjutengda afslætti. Tekjutengingarnar eru takmarkaðar og almennt innihalda tillögurnar miklar hækkunar á gjaldskrá og líklegt er að þær hækkunar komi verst niður á einstæðum foreldrum og fullvinnandi lágtekju heimilum sem enn þurfa heilsdagsvistun fyrir börn sín. Bent hefur verið á að ein forsenda núgildandi kjarasamninga er að haldið sé aftur af gjaldskrárhækkunum. Foreldrar á vinnumarkaði sem gengu að samningum með þessum forsendum, eiga betra skilið en að samningsaðili varpi frá sér ábyrgðinni.

Mikilvægar umbætur leiði ekki til þjónustuskerðingar

Femínísk fjármál telja að tillögurnar sem nú liggja fyrir feli í sér skref í ranga átt. Með Reykjavíkurleiðinni í leikskólamálum er fetað í fótspor annarra sveitarfélaga sem hafa notað fjárhagslegar refsingar til að draga úr vistunartíma barna á leikskólum. Aðgerðirnar heimta meira úr vösum foreldra, ekki fyrir betri þjónustu heldur sömu þjónustu og áður en nú með undirliggjandi skilaboðum um að það sé ekki æskilegt að nýta sér þjónustuna því það komi niður á starfsumhverfi leikskóla og á börnunum. Skautað er léttilega yfir þá staðreynd að margir foreldrar hafa lítinn sveigjanleika og ennþá 40 stunda vinnuviku auk ferðatíma. Ljóst er að þessar tillögur geta haft óæskileg áhrif á atvinnuþátttöku kvenna og þar með neikvæð jafnréttisáhrif.

Það er mikilvægt að stuðla að bættum náms- og starfsaðstæðum í leikskólum borgarinnar án þess að draga úr þjónustu. Ýmsar leiðir eru færar, þær kosta fjármuni en slík fjárfesting getur skilað sér í bættum hag barnafjölskyldna og starfsfólks á leikskólum. Mönnun er eitt það mikilvægasta. Brýnt er að bæta við stöðugildum í mönnunarlíkan leikskólanna til að taka mið af breyttum aðstæðum í Reykjavík: styttri vinnuviku starfsfólks, aukinni þörf fyrir stuðning inn á leikskólum og áskorunum vegna margbreytileika

⁸ <https://island.is/s/tryggingastofnun/frett/rannsokn-a-stoedu-kvenna-med-oerorkulifeyri>

barnahópsins. Til að laða að hæft fólk þarf að taka alla þætti starfa í leikskóla til skoðunar: stjórnun, öryggi og heilnæmi vinnumhverfis, kjör og hlunnindi, tækifæri til fræðslu og starfsþróunar, sveigjanleika o.fl. Reykjavíkurborg þarf einnig að tryggja viðunandi viðhald á leikskólahúsnæði og gera strax ráð fyrir mikilvægum innviðum eins og leikskólum í skipulagi nýrra hverfa. Fjárfesting sem þessi er efnahagslega skynsamleg, en með henni má fyrirbyggja álag og tilheyrandi kostnað á öðrum félagslegum innviðum samfélagsins, s.s. örorkulífeyriskerfinu.

Femínísk fjármál hvetja Reykjavíkurborg til að endurskoða þá stefnu sem verið er að taka með tillögunum og til að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið alltaf til hliðsjónar í framlagningu tillagna. Það er afstaða félagsins að umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla borgarinnar eigi ekki að leiða til aukins álags á aðstandendur, og ljóst er að fari svo þá muni frekar halla á konur. Almennir og fullnægjandi fjármagnaðir leikskólar stuðla að jafnrétti, ekki aðeins meðal foreldra heldur einnig barna. Þeir ýta undir öryggi barna og jöfn tækifæri þeirra í skólakerfinu og samfélaginu. Þeir stuðla að mikilli atvinnuþátttöku sem stendur undir verðmætasköpun og almennri velsæld og lífsgæðum. Þess vegna er það mat Femínískra fjármála að Reykjavíkurborg ætti að fjárfesta frekar í leikskólakerfinu sem grunnstoð samfélagsins, jafnréttis, velferðar og menntunar barna. Slíkt væri til hagsbóta fyrir börn, starfsfólk og foreldra.

Virðingarfyllst,
Stjórn félagsins Femínísk fjármál